

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 8. mars 2011 í máli nr. E-3432/2010:

X

(Kristján B. Thorlacius hrl.)

gegn

Ríkissjóði Íslands

(Sigmundur Hannesson hrl.)

Mál þetta sem dómtekið var 12. janúar sl. er höfðað með stefnu, birtri 7. maí sl.

Stefnandi er X, ..., Reykjavík

Stefndi er íslenska ríkið.

Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert að greiða stefnanda 5.000.000 króna með vöxtum skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 13. nóvember 2009 til 22. janúar 2010, en dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál.

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Jafnframt er krafist málskostnaðar samkvæmt mati réttarins. Til vara er þess krafist að stefnukröfur verði lækkaðar að mati réttarins og málskostnaður þá látinn niður falla.

MÁLSATVIK

Stefnandi lýsir málsatvikum svo að hann hafi verið handtekinn að morgni 2. maí 2009 og færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu vegna nauðgunarkæru, sem lögreglu hefði borist þá fyrr um morguninn. Þar hafi hann verið settur í fangaklefa og síðan tekinn til yfirheyrslu. Við yfirheyrslur hafi hann alfarið neitað að hafa gerst sekur um þá háttsemi sem honum var gefin að sök.

Stefnandi kveðst kannast við að hafa haft afskipti af stúlku sem sofið hafi áfengisdauða inni á salerni skemmtistaðarins ... þar sem hann hafi verið að störfum um nóttina. Hann hafi ásamt öðrum dyraverði staðarins aðstoðað stúlkuna inni á

staðnum, en hún hafi verið mjög ölvuð og í uppnámi og því hafi henni verið fylgt út af staðnum. Hún hafi beðið hann um að aka sér heim og þar sem hann hafi kannast lítilliga við hana frá fyrri störfum sínum á veitingastaðnum ... hafi hann fallist á að aka henni heim að vinnu lokinni. Hann hafi fylgt henni að bíl sínum þar sem ætlunin hafi verið sú að hún legði sig í læstri bifreiðinni, þar til hann lyki vinnu sinni og gæti ekið henni heim. Stúlkan hafi áfram verið í uppnámi og hafi hann reynt að róa hana eftir að þau komu að bifreiðinni og hafi þau því sest í aftursæti bifreiðarinnar sem er fólksbifreið af gerðinni Hafi hún þá þurft að kasta upp og hafi hann þá opnað hurð bifreiðarinnar og aðstoðað hann hana við það.

Stúlkan hafi hins vegar ennþá verið óróleg, talað samhengislaust og ekki virst ætla að leggja sig í bílnum eins og áætlað hefði verið. Hann hafi síðan þurft að fara aftur að vinna og sagt henni að hann gæti ekki skilið hana eftir vakandi í ólæstri bifreiðinni. Hafi stúlkan þá farið í burtu án frekari skýringa og hann ekki séð hana eftir það. Stefnandi hafi í kjölfarið snúið aftur til vinnu sinnar.

Eftir að vinnu stefnanda lauk, um kl. 6.20, hafi hann farið á ... Stefnandi hafi verið yfirheyrður laugardaginn 2. maí 2009. Þar hafi hann alfarið neitað þeim sökum sem á hann voru bornar og lýst þar með ítarlegum hætti samskiptum sínum við stúlkuna eins og að framan greini. Stefnandi hafi verið mjög samvinnuþýður við lögreglu og veitt lögreglu m.a. umsvifalaust heimild til að rannsaka bifreið sína, skoða símagögn sín og þá hafi hann auðfúslega gefið blóðsýni og önnur þau sýni sem óskað hafi verið eftir vegna rannsóknar málsins.

Stefnandi hafi síðar þann sama dag, þrátt fyrir eindregin andmæli, verið úrskurðaður í gæsluvarðhald á grundvelli rannsóknarhagsmuna og í framhaldi vistaður á Litla-Hrauni.

Fimmtudaginn 7. maí 2009 hafi stefnandi verið yfirheyrður á nýjan leik þar sem hann hafi setið í gæsluvarðhaldi á Litla-Hrauni. Við þá yfirheyrslu hafi hann áfram neitað staðfastlega þeim sökum sem á hann hafi verið bornar og í engu vikið frá fyrri skýrslu sinni í málinu. Stefnandi hafi hins vegar gert sitt ýtrasta til að aðstoða lögreglu við rannsókn málsins og teiknað m.a. að eigin frumkvæði upp afstöðumynd af vettvangi á Tryggvagötu og rakið hvaða leið hann hefði gengið með kæranda frá veitingastaðnum að bifreiðinni. Hann hafi bent á að á Tryggvagötu utan við veitingahúsin London/Reykjavík og Cafe Amsterdam hefði verið staddur fjöldi fólks sem hefði orðið vitni að því ef einhver átök hefðu orðið með honum og kæranda í bifreiðinni hinum megin götunnar. Hann hafi sömuleiðis bent á að eftirlitsmyndavélar lögreglu vöktuðu svæðið og óskað sérstaklega eftir því að skoðaðar yrðu myndir úr Tryggvagötu á umræddu tímabili. Nánar tiltekið hafi stefnandi bent á eftirlitsmyndavél sem staðsett sé á suðausturhorni Hafnarhússins og séu bílastæðin framan við Tollhúsið, þar sem bifreið hans hafi staðið, mjög nærri myndavélinni.

Föstudaginn 8. maí 2009 hafi verið lögð fram beiðni Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir stefnanda allt til 5. júní 2009, en nú á grundvelli 2. mgr. 95. greinar laga nr. 88/2008 um almannahagsmuni. Á sama tíma hafi ..., sem einnig hefði verið handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald verið sleppt úr gæsluvarðhaldi og ekki gerð krafa um gæsluvarðhald yfir honum á grundvelli almannahagsmuna. Hafi héraðsdómur fallist á beiðni lögreglu um áframhaldandi gæsluvarðhald.

Með tölvupósti dags 10. maí hafi verjandi stefnanda óskað eftir aðgangi að gögnum málsins en þeirri beiðni verið hafnað af hálfu saksóknara hinn 11. maí 2009.

Úrskurður héraðsdóms hafi verið kærður til Hæstaréttar sem hafi, hinn 13. maí 2009, felld gæsluvarðhaldsúrskurðinn úr gildi með þeim rökstuðningi að ekki hefðu verið færð fyrir því viðhlítandi rök að sterkur grunur væri um að stefnandi hefði gerst sekur um það brot sem hann var kærður fyrir. Því hafi ekki verið talið að uppfyllt væri það skilyrði 2. mgr. 95. greinar laga nr. 88/2008 að „sterkur grunur“ væri um að hann hefði gerst sekur um umrætt brot og hafi stefnanda verið sleppt úr gæsluvarðhaldi um kvöldmatarleyti þann dag.

Þrátt fyrir að fyrir lægi að ekki væri til staðar „sterkur grunur“ um að stefnandi hefði gerst sekur um fyrrgreint brot hafi rannsókn málsins verið haldið áfram og komið fram af hálfu lögreglu að beðið væri eftir niðurstöðu úr DNA-rannsókn á þeim lífsýnum sem tekin hefðu verið af stefnanda þegar hann var handtekinn hinn 2. maí 2009. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu hafi komið fram að senda hafi þurft sýnin til Noregs til rannsókna og upplýst að það gæti tekið um 4 - 6 vikur að fá niðurstöður úr rannsókninni, jafnvel þótt beðið hefði verið um forgang á rannsókn þessara sýna.

Af hálfu stefnanda hafi þess ítrekað verið óskað að rannsókn málsins yrði hraðað eins og frekast væri unnt þar sem hann þyrfti á meðan hún væri í gangi að sitja saklaus undir ásökunum um nauðgun. Þetta hafi verið stefnanda og fjölskyldu hans sérstaklega íþyngjandi þar sem fjölmiðlar hefðu fjallað um málið og flutt fréttir af því að ... væru grunaðir um að hafa nauðgað stúlku í Tryggvagötu. Slík tilgreining jafngildi nafngreiningu í tilviki stefnanda ...

Með tölvupósti verjanda stefnanda til saksóknara dags 14. maí 2009 hafi þess verið óskað að rannsókn á DNA-sýnum yrði hraðað sem frekast væri unnt. Hinn 20. maí 2009 hafi lögregla óskað eftir að stefnandi gæfi sýni vegna DNA-rannsóknarinnar, en þá virðist, þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar lögreglu, ekki hafa verið búið að senda sýnin til Noregs til rannsókna.

Hinn 13. júlí 2009 hafi verjandi sent tölvupóst á saksóknara hjá LRH með fyrirspurn um niðurstöður úr rannsókninni, en þá hafi rúmlega 6 vikur verið liðnar frá sýnatökunni hinn 20. maí. Hafi þær upplýsingar fengist að niðurstöður hefðu ekki borist. Hinn 28. júlí hafi verjandi óskað aftur eftir upplýsingum um niðurstöður DNA- rannsókna, en engar niðurstöður þá verið tiltækar. Hinn 7. ágúst hafi aftur verið óskað eftir upplýsingum um niðurstöðuna. Þann sama dag hafi lögregla svarað fyrirspurninni með því að miklar annir væru hjá þeim aðilum í Noregi sem önnuðust rannsóknina og ekki víst að málið nyti þar forgangs og yrði stefnandi að láta sér þær skýringar nægja. Hinn 13. ágúst 2009 hafi verjandi stefnanda ritað embætti lögreglustjóra bréf þar sem krafist hafi verið upplýsinga um niðurstöður úr DNA-rannsókn, en þá hafi 15 vikur verið liðnar frá því stefnandi gaf blóðsýni vegna DNA-rannsókna.

Hinn 24. ágúst hafi verjanda stefnanda loks borist bréf embættisins þar sem greint hafi verið frá því að fyrir lægju niðurstöður DNA-rannsókna og hefði hún ekki leitt í ljós neitt sem styddi fullyrðingar kæranda í málinu. Verjandi stefnanda hafi þá farið fram á að rannsókn málsins yrði lokið svo stefnandi þyrfti ekki að sitja áfram

undir fyrrgreindum ásökunum.

Stefnandi hafi verið boðaður til yfirheyrslu hinn 11. september 2009, þar sem kynntar hafi verið fyrir honum niðurstöður DNA-rannsóknarinnar. Við þá yfirheyrslu hafi stefnandi ítrekað að þessi niðurstaða staðfesti sakleysi hans í málinu. Stefnandi hafi ítrekað enn og aftur óskir sínar um það að málinu yrði lokið sem fyrst svo hann þyrfti ekki að sitja áfram undir þessum ásökunum.

Það hafi síðan verið með bréfi dagsettu 13. nóvember 2009 að stefnanda hafi loks verið tilkynnt af saksóknara að gögn málsins hefðu verið yfirfarin og að rannsókn þess teldist lokið og ekki væri talið að það sem fram væri komið væri nægilegt eða líklegt til sakfellis og því væri málið fellt niður.

Með bréfi, dagsettu 22. desember 2009, krafðist stefnandi bóta úr hendi stefnda vegna ólögmatrar handtöku, gæsluvarðhalds og ásakana um refsivert brot, samtals að fjárhæð 5.385.315 krónur auk vaxta skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, sem sundurliðist með eftirfarandi hætti:

Miskabætur	kr. 5.000.000,-
Lögmannspóknun	kr. 309.490,-
Virðisaukaskattur	kr. 75.825,-
Samtals:	kr. 5.385.315,-

Ríkislögmaður hafnaði bótakröfum stefnanda með bréfi, dags. 23. mars 2010. Er stefnandi því nauðbeygður til að höfða mál þetta á hendur stefnda til heimtu bóta fyrir það tjón sem hann hefur orðið fyrir.

MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK

Stefnandi byggir stefnukröfur sínar á því að skv. 1. mgr. 228. gr. og 1. mgr. 2. mgr. 228 gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skuli greiða sakborningi bætur sem borinn hefur verið sökum í sakamáli og málið verið fellt niður eða sakborningur sýknaður af ákæru. Stefnandi byggir á því að ákvæði 228. gr. laga nr. 88/2008 feli í sér afgerandi hlutlæga bótaábyrgð ríkisins gagnvart sakborningum í slíkri stöðu, sbr. orðalag 2. mgr. 228. gr. „dæma skal bætur vegna aðgerða IX. — XIV. kafla laga þessara ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi“. Sambærilega reglu sé að finna í 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands.

Undantekningu frá þessari hlutlægu bótareglu sé að finna í síðari málsliðum 2. mgr. 228. gr. laga 88/2008, þar sem heimilt sé að fella niður eða lækka bætur ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem beitt var. Samkvæmt viðurkenndum lögskýringarreglum beri að skýra undantekningarreglur sem þessar þröngri skýringu. Verði þessari reglu því eingöngu beitt þegar ótvírætt liggja fyrir sönnun um að sakborningur hafi sjálfur verið þess valdandi með háttsemi sinni að nauðsynlegt hafi verið að beita þvingunarráðstöfunum.

Í þessu sambandi vilji stefnandi sérstaklega benda á að með setningu XXXVII. kafla laga nr. 88/2009 um meðferð sakamála hafi reglum um bætur til sakaðra manna verið breytt frá því sem var kveðið á um í 175. og 176 gr. laga nr. 91/1991 um meðferð opinberra mála. Hafi það meðal annars verið gert í samræmi við dómaframkvæmd og ákvæði 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands. Stefnandi byggir sömuleiðis á því að með setningu ákvæðisins hafi verið vikið frá þeirri dómaframkvæmd og lögskýringu sem áður hafi tíðkast um að nægilegt væri að sýna fram á að tilefni hefði verið til handtöku eða annarra þvingunarráðstafana, án tillits til háttsemi sakbornings. Þvert á móti sé, eftir gildistöku laganna, gerð sú krafa að sýnt sé fram á það með afgerandi hætti að sakborningur hafi sjálfur, fyrir sína háttsemi, á einhvern hátt stuðlað að því að nauðsynlegt hafi verið að beita þvingunarráðstöfunum. Sé ekki fullnægjandi í því samandi að þriðji aðili, t.d. kærandi eða ytri aðstæður réttlæti að gripið hafi verið til slíkra þvingunarráðstafana.

Þá byggir stefnandi á því að stefndi beri skaðabótaábyrgð á athöfnum lögreglu, ákærvalds og dómstóla í málinu.

Fyrir liggir í máli þessu að stefnandi hafi verið beittur margvíslegum þvingunarráðstöfunum meðan rannsókn málsins stóð, en hann hafi verið handtekinn, settur í gæsluvarðhald sem og sætt leit í bíl sínum og frá honum hafi verið tekin lífsýni. Uppfylli málsatvik þessa máls ótvírætt skilyrði fyrrnefndra ákvæða og eigi stefnandi því bótarétt úr hendi stefnda vegna þvingunarráðstafananna.

Stefnandi mótmælir því alfarið sem röngu og ósönnuðu að hann hafi á nokkurn hátt stuðlað að því að nauðsynlegt hafi verið að grípa til þvingunarráðstafana gegn honum. Eins og áður hafi verið rakið, sé algerlega ósannað að stefnandi hafi á nokkurn hátt brotið gegn kæranda málsins. Þvert á móti sé ljóst að hann hafi verið fórnarlamb rangra og tilhæfulausra ásakana af hennar hálfu. Sömuleiðis liggir fyrir að engin sýnileg sönnunargögn eða framburður vitna hafi stutt framburð kæranda. Þá hafi stefnandi á allan mögulegan hátt verið samvinnufús við rannsókn málsins og veitt góðfúslega leyfi til allra annarra þvingunarráðstafana en handtöku og gæsluvarðhalds. Að þessu virtu sé ljóst að engin skilyrði séu til þess að beita undanþágureglu 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008.

Verði ekki fallist á lögskýringu stefnanda á 228. gr. laga nr. 88/2008 er á því byggt að samkvæmt eldri skýringu á bótareglum vegna beitinga þvingunarráðstafana, dómaframkvæmd og ákvæðum 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands hvíli sönnunarbyrði um réttmæti þeirra aðgerða sem stefnandi hafi þurft að sæta á stefnda. Stefnandi telur sömuleiðis að gera verði ríkar sönnunarkröfur til stefnda í ljósi mikilvægis þeirra réttinda sem skert séu með umræddum þvingunarráðstöfunum og vernd þeirra m.a. af stjórnarskrá. Stefnandi hafnar því alfarið og mótmælir að stefndi hafi sýnt fram á réttmæti eða nauðsyn umræddra þvingunarráðstafanna. Þvert á móti telur stefnandi sýnt að þær hafi verið óréttmætar og án tilefnis.

Stefnandi byggir í fyrsta lagi á því að ekki hafi verið tilefni til að handtaka hann hinn 2. maí 2009. Stefnandi hafi á allan hátt verið samvinnufús við lögreglu, gengist sjálfviljugur undir yfirheyrslu og ekki sýnt nein merki þess að hann hygðist

spilla rannsókn málsins á nokkurn hátt. Stefnandi hafi sömuleiðis greint hreinskilnislega frá ferðum sínum þetta kvöld og upplýst um aðstæður og bent á myndavélar og vitni sem upplýst gætu málið. Samkvæmt 90. gr. laga nr. 88/2009 um meðferð sakamála sé lögreglu rétt að handtaka mann ef rökstuddur grunur leiki á því að sakborningur hafi framið brot sem sætt geti ákæru, enda sé handtaka hans nauðsynleg til koma í veg fyrir áframhaldandi brot, til að tryggja návist hans eða koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum. Í ljósi framangreinds hafi forsendur brostið fyrir því að handtaka stefnanda og handtaka hans því ólöglegt.

Í öðru lagi er á því byggt að ekki hafi verið réttlætanlegt að hneppa stefnanda í gæsluvarðhald frá 2. maí til 13. maí 2009 enda ljóst að hægt hafi verið að grípa til annarra vægari aðgerða til að tryggja rannsóknarhagsmuni og nærveru hans á Íslandi ef aðstæður væru taldar kalla á slíkt. Þegar stefnandi hafi verið handtekinn hafi ekkert verið í málinu sem bent hafi til þess að hann hefði gerst brotlegur við lög annað en fullyrðingar kæranda. Þær hafi hins vegar verið mjög óljósar og kærandi undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna þegar hún gaf fyrstu upplýsingar um málið og því lítið á frumburði hennar að byggja. Þrátt fyrir þetta hafi framburðurinn verið talinn fullnægjandi til að úrskurða stefnanda í gæsluvarðhald án þess að nokkur önnur gögn styddu fullyrðingar kæranda um hið meinta brot hans. Í því sambandi beri til þess að líta að heimildir XIV. kafla laga nr. 88/2008 til að hneppa sakborning í gæsluvarðhald, séu undantekningarreglur frá stjórnarskrárvörðu ferðafrelsi stefnanda, sbr. 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands og beri dómstólum því eingöngu að heimila slíkar ráðstafanir ef ótvírætt liggi fyrir að forsendur séu til slíks.

Hinn 8. maí 2009 hafi verið óskað eftir framlengingu á gæsluvarðhaldi stefnanda á grundvelli almannahagsmuna. Óskiljanlegt sé með öllu að samliða kröfu um framlengingu á gæsluvarðhaldi á hendur stefnanda hafi meðkærða stefnanda, ..., verið sleppt úr gæsluvarðhaldi. Þeir hafi þrátt fyrir allt verið sakaðir um að hafa báðir brotið gegn stúlkunni með sama hætti og á sama tíma. Hæstiréttur hafi hins vegar fallist á mótbárum stefnanda við gæsluvarðhaldskröfu lögreglu og fellt úrskurð héraðsdóms frá 8. maí 2009 úr gildi, með dómi Hæstaréttar 13. maí 2009, í máli nr. 227/2009. Liggi því fyrir staðfesting Hæstaréttar á því að stefnandi hafi tilefnislaust verið gert að sæta gæsluvarðhaldi frá 9. maí 2009 til 13. maí 2009. Verði því að telja ótvírætt að skaðabótaskylda hafi stofnast á grundvelli 228. gr. laga nr. 88/2009, um meðferð sakamála a.m.k. fyrir gæsluvarðhald á því tímabili.

Stefnandi byggir í þriðja lagi á því að rannsókn málsins hafi dregist úr hófi hjá lögreglu. Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvíli skylda á ákærvaldinu að hraða meðferð mála eftir því sem kostur er. Sú regla eigi sér einnig stoð í 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Ljóst sé að frá því að stefnandi var handtekinn þann 2. maí 2009 og þar til að mál hans var fellt niður með bréfi Ríkissaksóknara, dags. 13. nóvember 2009 hafi liðið sex mánuðir. Annað dæmi megi nefna að stefnandi hafi aldrei verið yfirheyrður á tímabilinu frá 2. maí til 7. maí þegar hann sætti gæsluvarðhaldi. Verði því ekki séð að lögregla hafi unnið ötullega í málinu á því tímabili. Þá bendir stefnandi á að DNA-rannsókn lögreglu sem upphaflega hafi átt að taka 4 - 6 vikur hafi tekið 15 vikur. Sé sá dráttur algerlega óútskýrður, að því undanskildu að fyrir liggi að það hafi dregist hjá lögreglu að framkvæma þá óverulegu aðgerð að taka lífsýni úr stefnanda og senda það til rannsóknaraðila. Að lokum hafi tveir og hálfur mánuður liðið frá því að niðurstöður DNA-rannsóknar

lágu fyrir þar til mál stefnanda var fellt niður. Beri stefndi skaðabótaábyrgð á þessum drætti skv. fyrrnefndum ákvæðum.

Stefnandi byggir á því að mál þetta hafi haft stórkostleg áhrif á líf hans og í raun lagt það í rúst. Stefnandi sé fjölskyldumaður og hafi mál þetta skapað gríðarlegt álag á fjölskyldu hans og samband við unnustu hans og börn. Þar að auki hafi gæsluvarðhaldsvistin og sú óvissa sem málsmeðferðinni fylgdi valdið stefnanda mikilli vanlíðan. Stefnandi hafði einnig verið í fastri vinnu og lagt ... með vinnu sinni þegar hann var handtekinn og hafi hann m.a. ekki getað tekið ... sem voru á dagskrá í byrjun maí 2009, þegar hann hafi setið í gæsluvarðhaldi. Hafi námi hans og töku sveinsprófsins því seinkað um að minnsta kosti ár. Auk alls þessa hafi handtaka stefnanda og gæsluvarðhald orðið til þess að fjallað hafi verið um stefnanda sem sakborning í fjölmiðlum. Eins og áður hafi komið fram séu ... ekki fjölmennir á Íslandi og hafi því þessi umfjöllun fjölmiðla um málið jafngilt því að stefnandi væri nafngreindur. Jafnframt sé ljóst að upplýsingar um uppruna hans og þjóðerni séu ekki frá honum komnar.

Að framangreindu virtu sé ljóst að mál þetta hafi valdið stefnanda og fjölskyldu hans verulegum þjáningum og haft óbætanleg áhrif á mannorð hans. Muni mál þetta og þær ávirðingar sem stefnandi hafi þurft að sæta lifa áfram þrátt fyrir að mál þetta hafi verið fellt niður. Sé því fullt tilefni til að fallast á bótakröfu stefnanda á grundvelli 228. gr. laga nr. 88/2008 og sömuleiðis uppfyllt skilyrði 26. gr. skaðabótalaga um greiðslu miskabóta.

Að öllu þessu virtu byggi stefnandi á því að stefnda beri að greiða honum bætur að fjárhæð 5.000.000 króna. Styðjist krafa stefnanda m.a. við dómaframkvæmd um bætur vegna ólögmeats gæsluvarðhalds og ákvæði 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og dómaframkvæmd á grundvelli hennar.

Stefnandi geri kröfu um vexti af bótafjárhæðinni skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 8 október 2009 til 7. janúar 2010. Stefnandi geri hins vegar kröfu um dráttarvexti frá 22. janúar 2010, en þá hafi mánuður verið liðinn frá því að stefnandi sendi stefnda kröfubréf vegna málsins, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, með síðari breytingum og krafa um virðisaukaskatt af málskostnaði styðst við lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Af hálfu stefnda er á því byggt að fullt tilefni hafi verið til handtöku stefnanda og meðalhófs gætt í hvívetna.

Í upphafi máls hafi legið fyrir að umrædd stúlka hafi verið grátandi og í miklu tilfinningalegu uppnámi þann morgun sem atburðir áttu sér stað. Háttsemi hennar hafi borið þess merki að hún hefði orðið fyrir miklu áfalli. Hún hafi tjáð vini sínum, er hefði orðið viðskila við hana fyrir um nóttina, er þau hittust aftur, að tveir menn hefðu nauðgað henni. Á sömu lund hafi hún tvívegis borið hjá lögreglu síðar þennan morgun og við formlega skýrslutöku. Framburður hennar um atvik öll hafi verið trúverðugur, greinargóður og staðfastur. Hún hafi borið að hún þekkti til

Þeirra manna sem hún hafi sakað um verknaðinn og greinargóð lýsing hennar á gerendum hafi svarað til stefnanda ... Óumdeilt sé að stefnandi hafi hitt stúlkuna þá um nóttina og fylgt henni í bifreið sína. Í þessu sambandi sé rétt að hafa það hugfast að atvik hafi átt sér stað um miðja nótt. Stúlkun hafi verið ofurölvi, en stefnandi sem sé í starfi sínu sem dyravörður hafi tekið þá undarlegu ákvörðun að fylgja stúlkunni út í bíl sinn sem er skammt frá skemmtistaðnum „þar sem ætlunin var að hún legði sig í læstri bifreiðinni, þar til hann lyki vinnu sinni og gæti ekið henni heim“ eins og segi í málatilbúnaði stefnanda. Ekki hafi tekist betur til en svo að þar sem stefnandi hafi ekki getað skilið stúlkuna eftir í ólæstri bifreiðinni hafi stúlkun farið í burtu að sögn stefnanda.

Óumdeilt sé að þau hafi hafst við í bifreiðinni í einhvern tíma á þeim stað sem stúlkun kvað hana hafa verið. Ósamræmi hafi hins vegar verið í framburði stefnanda. Fullt tilefni hafi því verið til handtöku stefnanda þar sem rökstuddur grunur hafi leikið á að hann hefði framið það brot sem til rannsóknar var. Skilyrði 1. mgr. 90. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 hafi verið uppfyllt. Brýna nauðsyn hafi borið til að taka frekari skýrslur af honum og til að koma í veg fyrir að hann gæti spillt fyrir frekari rannsókn málsins. Við handtökuna hafi margvísleg atriði í gögnum málsins bent til sektar stefnanda þótt málið hafi síðar verið fellt niður með vísan til 145. gr. laga nr. 88/2008. Handtakan hafi því verið fyllilega réttlætunleg og lögmæt.

Í kjölfar handtöku stefnanda hafi verið tekin frá honum lífsýni með hans samþykki. Einnig hafi verið gerð leit í bifreið hans með samþykki hans í því augnamiði að leggja hald á hugsanleg sönnunargögn sem máli kynnu að skipta fyrir rannsókn málsins. Skilyrði til töku lífsýna og leitar í bifreið hafi verið til staðar enda rökstuddur grunur um að stefnandi hefði framið brot sem varðað geti fangelsisrefsingu, sbr. 1. mgr. 74. gr. og 1. mgr. 77. gr. laga nr. 88/2008. Taka lífsýna og leitin hafi því verið réttlætunleg og lögmæt.

Á því sé byggt af hálfu stefnanda að það hafi ekki verið réttlætunlegt að hneppa stefnanda í gæsluvarðhald frá 2. maí til 13. maí 2009.

Stefnandi ... hafi verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 8. maí 2009 og Hæstiréttur síðan staðfest þann úrskurð.

Mat lögreglu hafi verið að sterkur grunur væri fyrir hendi um að stefnandi hefði framið þann alvarlega verknað sem hann var sakaður um. Héraðsdómur hafi verið sammála því mati lögreglu og úrskurðað stefnanda til áframhaldandi gæsluvarðhalds á grundvelli almannahagsmuna að kröfu lögreglu.

Hæstiréttur hafi hins vegar ekki verið sammála því mati og fellt úrskurðinn úr gildi með svofelldum rökum:

„Samkvæmt a. lið 1. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 má setja mann í gæsluvarðhald ef fram er kominn rökstuddur grunur um að hann hafi gerst sekur um háttsemi sem fangelsisrefsing er lögð við og að ætla megi að sakborningur muni torvelða rannsókn málsins. Krafa sóknaraðila nú um áframhaldandi gæsluvarðhald er á hinn bóginn reist á 2. mgr. 95. gr. laganna, en þar eru þau skilyrði sett að fram sé kominn „sterkur grunur“ um að maður hafi framið afbrot sem að lögum geti varðað 10 ára fangelsi, enda sé brotið þess eðlis að ætla megi að varðhald sé nauðsynlegt með

tilliti til almannahagsmuna. Rannsókn málsins stendur ennþá yfir og verður ekki fallist á að nú sé fyrir hendi annað og meira en „rökstuddur grunur“ um að varnaraðili hafi gerst sekur um það afbrot sem til rannsóknar er, sbr. tilgreind orð sóknaraðila í greinargerð til Hæstaréttar. Teljist varnaraðili ekki hafa fært fyrir því viðhlítandi rök og uppfyllt sé það skilyrði 2. mgr. 95. gr. um að fram sé kominn „sterkur grunur“ um að varnaraðili hafi framið umrætt afbrot. Þegar af þeirri ástæðu eru ekki efni til að verða við kröfu hans og ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.“

Stefnandi hafi þá þegar verið látinn laus hinn 13. maí 2009.

Stefnandi haldi því fram að rannsókn lögreglu hafi dregist úr hófi, stefnandi hafi ekki verið yfirheyrður á tímabilinu 2. til 7. maí og að stefnanda hafi ekki verið tilkynnt formlega um málalok fyrir en sex mánuðum eftir að hann var handtekinn. Rétt sé að benda á í þessu sambandi að stefnandi hafi verið yfirheyrður hjá lögreglu bæði 2. og 7. maí.

Af framlögðum gögnum stefnanda sé ljóst að á tímabilinu frá 2. maí 2009 til 15. maí liggi fyrir samtals 27 lögregluskýrslur, beiðnir og tækniupplýsingar lögreglu vegna málsins ásamt tveimur úrskurðum Héraðsdóms Reykjavíkur og tveimur Hæstaréttardómum, sem í raun staðfesti hversu rannsókn og framgangur málsins var hraður jafnframt því sem málið var umfangsmikið.

Í þessu sambandi sé rétt að vekja athygli á því að frá því að stefnandi var látinn laus og mál þetta þingfest liðu tæpir 6 mánuðir.

Við úrlausn þessa máls sé rétt að hafa í huga að mál af þeim toga sem hér um ræðir séu viðkvæm og oft á tíðum erfið viðureignar og nægi þar að nefna að sönnunarstaðan sé oftast en ekki mjög erfið þar sem framburður tveggja einstaklinga þ.e. brotþola og meints geranda fáist ekki samrýmst og stangist oftast á í grundvallaratriðum. Því til viðbótar komi að ekki sé unnt að kennslagreina þau lífsýni sem aflað sé í þágu rannsóknar máls hér á landi, og séu þau send til Svíþjóðar/Noregs til greiningar.

Ekki séu lagaskilyrði til þess að dæma manni bætur vegna meintra tafa á rannsókn máls og dráttar á tilkynningu um formleg málalok.

Öll lögmæt skilyrði til handtöku stefnanda, leitar í bifreið hans, töku lífsýna, og gæsluvarðhalds hafi verið fyrir hendi. Beiting þessara þvingunarúrræða hafi verið fyllilega lögmæt og eðlileg með hliðsjón af málsatvikum á þeim tíma sem ákvarðanir hafi verið teknar og í fullu samræmi við réttarframkvæmd. Úrskurðir í þessum efnnum hafi verið kveðnir upp af þar til bærum dómstól og eftir atvikum staðfestir af Hæstarétti. Málsmeðferðartíminn í heild hafi verið langur en skýrist að verulegu leyti af bið eftir niðurstöðum úr kennslagreiningu sýna frá erlendri rannsóknarstofu. Í raun hafi rannsókn málsins að mestu verið lokið.

Með vísan til 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála beri að hafna með öllu kröfum stefnanda.

Samkvæmt 1. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 eigi maður rétt til bóta ef mál hans hefur verið fellt niður eða hann sýknaður með endanlegum dómi án þess að það

hafi verið gert vegna þess að hann var talinn ósakhæfur. Í 2. mgr. sama ákvæðis komi fram að dæma skuli bætur vegna aðgerða skv. IX. — XIV. kafla laganna ef skilyrði 1. mgr. séu fyrir hendi. Jafnframt sé kveðið á um að fella megi þó niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hafi valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á. Með sérkennilegu háttalagi sínu hafi stefnandi sjálfur stuðlað að því að nauðsyn hafi borið til þess að taka málið föstum tókum svo beita þurfti þeim þvingunaraðgerðum gagnvart honum sem raun varð á.

Nægi þar að nefna að stefnandi hafi tekið sig til um miðja nótt í starfi sínu sem dyravörður á skemmtistað í miðborg Reykjavíkur, að leiða dauðadrukka stúlku, sem hafi verið á meðal gesta, út í bifreið sína með það fyrir augum að læsa hana þar inni. Í ljósi frásagnar stúlkunnar annars vegar og frásagnar stefnanda sjálfs af atvikum hins vegar, hafi stefnandi sjálfur stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfur sínar á í máli þessu. Í 1. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 sé ekki að finna sjálfstæða bótareglu heldur verður að túlka ákvæðið með hliðsjón af almennum reglum skaðabótaréttar samanber 2. mgr. sama ákvæðis. Sambærilegt ákvæði hafi verið í XXI. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Verði ekki á það fallist er á því byggt af hálfu stefnda að fella beri niður bætur eða lækka þær vegna atriða er varða stefnanda sjálfan þar sem hann hafi sjálfur valdið og/eða stuðlað að þeim afskiptum sem lögregla hafði af honum greint sinn. Stefnanda hafi hvorki tekist að sanna meint tjón sitt eða leiða að því löglíkum að hann hafi orðið fyrir tjóni í samskiptum sínum við lögreglu greint sinn. Stefnandi vísar m.a. til 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar með áorðnum breytingum kröfum sínum til stuðnings.

Í dómsúrlausnum Hæstaréttar Íslands hafi skýrt verið kveðið á um það að framangreint bótaákvæði veiti ekki ríkari rétt en reglur XXI. kafla laga nr. 91/1992 mæltu fyrir um, nú 228. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, og eigi það sama við hvað varðar ákv. mannréttindasáttmála Evrópu sem stefnandi vísar jafnframt til.

Fjárhæð höfuðstóls kröfunnar 5.385.315 krónum sé mótmælt sérstaklega sem of hárrí, órökstuddri með öllu og í engu samræmi við íslenska dómaframkvæmd. Aðgerðir lögreglu og ákærvalds hafi verið fullkomlega eðlilegar miðað við sakarefni og fyrirbyggjandi gögn og í samræmi við lagafyrirmæli.

Dráttarvaxtakröfum stefnanda er mótmælt og vísar stefndi auk þess til 9. gr. i.f. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 og telur nær að miða við síðara tímamark.

NIÐURSTAÐA

Samkvæmt 1. mgr. 228. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 á maður sem borinn hefur verið sökum í sakamáli rétt til bóta skv. 2. mgr. ef mál hans hefur verið fellt niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann var talinn ósakhæfur. Þá segir í 2. mgr. sömu lagagrein, að dæma skuli bætur vegna aðgerða skv. IX. — XIV. kafla laganna ef

skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi. Þó má fella niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfur sínar á.

Ákvæði þetta tók gildi hinn 1. janúar 2009 og á því við hér.

Í 175. gr. laga nr. 19/1991 sbr. lög nr. 36/1999 um meðferð opinberra mála sagði að kröfu um bætur samkvæmt XXI. kafla þeirra laga mætti taka til greina ef rannsókn hefði verið hætt eða ákæra ekki gefin út vegna þess að sú háttsemi sem sakborningur var borinn hafi talist ósaknæm eða sönnun hafi ekki fengist um hana, eða sakborningur hefur verið dæmdur sýkn með óáfrýjuðum eða óáfrýjanlegum dómi af sömu ástæðu. Þó mætti fella niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefði valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisti kröfu sína á.

2. Bæta skyldi fjártjón og miska, ef því væri að skipta.

Í 176. gr. laganna sagði að dæma mætti bætur vegna handtöku, leitar á manni eða í húsi, halds á munum, rannsóknar á heilsu manns, gæsluvarðhalds og annarra aðgerða sem hafa frelsisskerðingu í för með sér, aðrar en fangelsi, sbr. 177. gr.:

a. ef lögmæt skilyrði hefur brostið til slíkra aðgerða eða

b. ef ekki hefur verið, eins og á stóð, nægilegt tilefni til slíkra aðgerða eða þær hafa verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt.

Við gildistöku laga nr. 88/2008 voru skilyrði þau er greinir í a og b liðum 176. gr. eldri laga felld brott. Í tilviki stefnanda kemur því einungis til athugunar hvort hann hafi sjálfur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á. Stefnandi var handtekinn að morgni í framhaldi af kæru um nauðgunarbrot 2. maí 2009 og tekin af honum skýrsla. Hann neitaði sökum þeim sem á hann voru bornar. Kemur fram í lögregluskýrslu að framburður hans hafi verið greinargóður og hefur framburður stefnanda um málsatvik verið staðfastur og stöðugur. Þá var stefnanda gert að sæta gæsluvarðhaldi vegna rannsóknarhagsmuna frá 2. maí 2009 til 8. sama mánaðar en á grundvelli almannahagsmuna frá þeim degi til 14. maí 2009. Fram kemur í rannsóknargögnum að stefnandi fylgdi kæranda sem var mjög drukkin til bifreiðar sinnar með það fyrir augum að aka henni heim síðar en það kemur fram í gögnum að kærandi og stefnandi þekktust. Þykir ekki sýnt fram á það að stefnandi hafi sjálfur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem lögreglan taldi nauðsynlegt að grípa til. Réðu þar þeir almennu hagsmunir að brot séu rannsökuð og upplýst og hefur lögregla í því sambandi allvíðtækar heimildir sem eins og í tilviki stefnanda geta leitt til þess að menn sem ekki verða sakaðir eða sakfelldir fyrir brot geta þurft að sæta skerðingu á réttindum sínum.

Í því tilviki sem hér er til úrlausnar liggur þannig fyrir að stefnandi var handtekinn, sætti gæsluvarðhaldi, leit í bifreið sinni, athugun á síma sínum og notkun hans og gekkst undir töku blóðsýnis og annarra lífsýna án þess að rannsóknaraðgerðir þessar leiddu til þess að málið upplýstist í þá veru að ákæra yrði gefin út á hendur honum. Skiptir hér höfuðmáli að stefnandi varð með engum hætti þess valdandi eða stuðlaði að því að aðgerðum þessum var beitt. Ber því með vísan til 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála að dæma honum bætur sem honum bera skv. 1. mgr. sömu lagagreinar þar sem segir að maður sem borinn hefur verið

sökum eigi rétt til bóta skv. 2. mgr. ef mál hans hefur verið fellt niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi.

Við ákvörðun bóta er til þess að líta að stefnandi hefur ekki sýnt fram á fjártjón sitt vegna aðgerða lögreglu. Að öllu virtu þykja miskabætur til stefnanda vegna aðgerða lögreglu hæfilega ákveðnar 500.000 krónur með vöxtum eins og greinir í dómsorði.

Stefnandi hefur fengið gjafsóknarleyfi og greiðist allur málskostnaður hans sem er þóknun lögmanns hans Kristjáns B. Thorlacius hrl. 700.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, úr ríkissjóði.

Málskostnaður á milli aðila fellur niður.

DÓMSORÐ

Stefndi, íslenska ríkið greiði stefnanda, X, 500.000 krónur með vöxtum skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 13. nóvember 2009 til 22. janúar 2010, en dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 700.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Málskostnaður á milli aðila fellur niður.

Allan V. Magnússon